

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vallahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. mars 1991.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í þéttbýli í Vallahreppi.

1. gr.

Áður en byggingarleyfi er veitt til nýbyggingar á lóð, eða leyfi til stækkunar á eldra húsi, skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjald vegna þátttöku í kostnaði við gatnagerð, holræsa- og vatnsæðarlögn að lóðarmörkum.

2. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 1. gr. skal reiknað sem hundraðshluti af byggingarkostnaði á gólffermetra í vísitöluhúsinu, eins og hann er ár hvert. Gjaldskráin skal þó aðeins breytast einu sinni á ári, þ.e. 1. janúar, í samræmi við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar.

(Vísitala byggingarkostnaðar er 159,6 stig 1. janúar 1990 og byggingarkostnaður á gólffermetra í vísitöluhúsinu kr. 38 470 frá sama tíma.)

3. gr.

Gjaldstuðlar til ákvörðunar gatnagerðargjaldi, samkvæmt 1. og 2. gr. skulu vera svo sem hér segir:

Einbýlishús	1,5%
Bílageymsla og geymslurými	0,7%
Tvíbýlis- og parhús	1,1%
Rað- og keðjuhús, ein hæð	1,0%
Rað- og keðjuhús, tvær hæðir	0,9%
Fjölbýlishús	0,5%
Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði	1,0%
Verslunar- og atvinnuhúsnæði	2,0%
Gripahús o.fl.	0,4%

4. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það, ásamt vöxtum, fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vallahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. mars 1991.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.